

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

§ 401 í kafla 3.2 um háspennuvirki orðist með svohljóðandi hætti:

§ 401 Hönnun og setning háspennulína.

Við hönnun og setningu háspennulína með málspennu hærri en 45 kV skal fara eftir ÍST EN 50341-1:2001 „Overhead electrical lines exceeding AC 45 kV – Part 1 : General requirements – Common specifications“ ásamt íslenska viðaukanum EN 50341-3-12:2001 „Overhead electrical lines exceeding AC 45 kV – Part 3 : Set of National Normative Aspects“.

2. gr.

Við §403 í kafla 3.2 um háspennuvirki bætist eftirfarandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins fyrir háspennulínur með málspennu sem er 45 kV og lægri, [sbr. § 401].

3. gr.

Við §404 í kafla 3.2 um háspennuvirki bætist eftirfarandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins fyrir háspennulínur með málspennu sem er 45 kV og lægri, [sbr. § 401].

4. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

F. h. r.

**Atli Freyr Guðmundsson.**

---

*Pétur Örn Sverrisson.*